

Auglýsing um friðlýsingu Hliðs, Sveitarfélaginu Álftanes sem fólkvangs

Að tillögu [Umhverfisstofnun] og samkvæmt samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa hluta jarðarinnar Hliðs á Álftanesi sem fólkvang í samræmi við 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og því ákjósanlegt til útikennslu.

Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi, hnitsettum uppdrætti, dags. 21.03.2001 og eru hnitin eftirfarandi:

Hnit

Punktur	x	y	Punktur	x	y
1	-27256.0509	12524.9973	2	-27195.4456	12385.0082
3	-27213.1191	12372.2508	4	-27401.0066	12386.2557
5	-27383.0656	12284.7838	6	-27229.7172	12301.2978
7	-27243.2966	12109.3514	8	-27600.5307	12311.8313
9	-27595.2964	12363.2496	10	-27530.6701	12349.4377
11	-27528.9374	12304.5431			

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Almenningi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
2. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og [Umhverfisstofnunar].
3. Bygging og viðhald sjóvarnargarða á vegum sveitarfélagsins og Siglingastofnunar Íslands er heimil.
4. Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar svo og meðferð skotvopna.
5. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps getur þó veitt heimild til þess að verja fuglalíf fólkvangsins, t.d. vegna minks, en ávallt í samræmi við lög nr. 64/1994.
6. Umferð vélknúinna farartækja er aðeins heimiluð á skipulagðri götu og vegslóða innan fólkvangsins. Einnig meðfram sjávarkambi vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins, svo sem vegna 3. tl.
7. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvangnum. Losun jarðefna til byggingar og viðhalds sjóvarnargarða sbr. 3. tl. er heimil.
8. Efnistaka á sjávarbotni innan netlaga er óheimil nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar Bessastaðahrepps og [Umhverfisstofnunar].
9. Sveitarstjórn Bessastaðahrepps mun, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Stj.tíð. B, 549/2002

Umhverfisnefnd Bessastaðahrepps hefur umsjón og eftirlit með fólkvangnum í umboði [Umhverfisstofnunar] og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 5. júlí 2002,

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson